**31**
6. marz

| | | Í peningum Kr. | Aur. | Hundrað á Kr. | Aur. | Alin. Aur. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 35. | — 12 — sauðskinns, af veturgömlum og ám . 10 pund á | 5 | 04 | 60 | 48 | 50 |
| 36. | — 6 — selskinns . . . . — — - | 8 | 38 | 50 | 28 | 42 |
| 37. | — 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . hvert - | » | 21 | 50 | 40 | 42 |
| | *G. Ýmislegt.* | | | | | |
| 38. | 1 hndr. 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á | 15 | » | 90 | » | 75 |
| 39. | — 40 — — — óhreinsuðum . — - | » | » | » | » | » |
| 40. | — 120 — — fuglafiðri . ; . . . 10 pund - | 5 | 50 | 66 | » | 55 |
| 41. | — 480 — — fjallagrösum . . . . — — - | » | » | » | » | » |
| 42. | 5 álnir 1 dagsverk um heyannir . . . . . . . | 2 | 22 | 53 | 28 | 44 |
| 43. | — 1 lambsfóður . . . . . . . . . . . . | 3 | 57 | 85 | 68 | 71 |

| Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður: | Kr. | Aur. | Aur. |
|---|---|---|---|
| *Eptir A. eða í friðu* | 76 | 94 | 64 |
| — *B.* — - *ullu, smjöri og tólg* | 57 | 60 | 48 |
| — *C.* — - *ullar-tóvöru* | 70 | 32 | 59 |
| — *D.* — - *fiski* | 64 | 46 | 54 |
| — *E.* — - *lýsi* | 28 | 30 | 24 |
| — *F.* — - *skinna-vöru* | 57 | 62 | 48 |
| En meðalverð allra landaura samantalið | 355 | 24 | 297 |
| og skipt með 6, sýnir: | | | |
| **meðalverð allra meðalverða** | **59** | **21** | **50** |

Reykjavík 6. dag marzmán. 1888.

*E. Th. Jónassen.* *P. Pjetursson.*

**32**
16. febr.

**Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **viðvíkjandi kostnaði fyrir band á Stjórnartíðindum.** — Útaf beiðni þeirri frá Ólafi Sigurðssyni umboðsmanni Reynistaðarklausturs, sem fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 21. desbr. f. á., um að mega borga af umboðssjóði kostnað við band á Stjórnartíðindum, skal yður hjermeð tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir nefndum umboðsmanni, að þar sem það er skylda embættismanna og sýslunarmanna að halda Stjórnartíðindunum saman og í góðri reglu, en til þess heyrir að þau sjeu bundin inn, þá getur eigi kostnaður sá, sem hjer er um að ræða, orðið greiddur úr umboðssjóði, heldur verður umboðsmaður þessi eins og aðrir embættismenn og sýslunarmenn að bera kostnaðinn af bandi Stjórnartíðindanna eins og annan skrifstofukostnað.

STYRKUR ÚR LANDSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1888 og 1889.

13. gr. V. c. 2

Hannesi Hafliðasyni skipstjóra veitt 200 kr. þóknun fyrir stýrimannakennslu í Hafnarfirði veturinn 1888.